

FJARÐABYGGÐ

FRÆÐSLU- OG FRÍSTUNDASTEFNA 2009 - 2011

HRÖNN PÉTURSDÓTTIR, MBA
Apríl 2009

1 EFNISYFIRLIT

2	INNGANGUR.....	3
3	ÞÁTTAKENDUR	5
4	STEFNUMIÐUÐ ÁRANGURSSÝRING	6
5	HLUTVERK, FRAMTÍÐARSÝN OG STEFNA	8
	HLUTVERK.....	8
	FRAMTÍÐARSÝN.....	8
	STEFNA.....	8
6	MARKMIÐ, MÆLIKVARÐAR OG VIÐMIÐ.....	10
7	AÐGERÐARÁÆTLUN	12
8	NÆSTU SKREF.....	35

2 INNGANGUR

Á fundi bæjarráðs þann 7. mars 2008 var fræðslunefnd/fræðslustjóra falið að gera áætlun um hvernig staðið skuli að gerð menntastefnu/skólastefnu fyrir Fjarðabyggð, en slík stefna hafði ekki verið unnin eftir nýjustu sameiningu.

Í fundi fræðslunefndar þann 21. maí ákvað fræðslunefnd að hefja vinnu við mótun menntastefnu fyrir Fjarðabyggð. Verkefnið yrði fjármagnað af fjárframlagi sem ætlað væri til sameiningar sveitarfélaga. Í framkvæmd verkefnisins myndi m.a. felast:

- gerð kostnaðaráætlunar sem lögð yrði fyrir bæjarráð
- ráðning verkefnastjóra
- gerð framkvæmdaáætlunar
- mótun menntastefnu
- kynning á nýrri menntastefnu

Þar sem Félag grunnskólakennara, Samband íslenskra sveitarfélaga og Skólastjórafélagið höfðu nýlokið við mótun sameiginlegrar framtíðarsýnar fyrir grunnskólastarfið fyrir árin 2007 til 2020, var lagt til að sú framtíðarsýn yrði höfð til grundvallar menntastefnu Fjarðabyggðar. Jafnframt var lögð áhersla á að tryggja þyrfti breitt samstarf stofnana og fyrirtækja við gerð stefnunnar.

Í framhaldi fór bæjarstýra þess á leit að stefnan næði til fræðslu- og frístundamála, enda tengdir málaflokkar fyrir börn og ungt fólk.

Til samræmis við ákvörðun fræðslunefndar á fundi þann 11. júní 2009 var síðan sett á laggirnar verkefnisstjórn. Í verkefnisstjórninni sátu Gillian Haworth fyrir tónlistarskólana, Halla Höskuldsdóttir fyrir leikskólana, Hilmar Sigurjónsson fyrir grunnskólana, Olga Lísu Garðarsdóttir fyrir Verkmenntaskóla Austurlands, og Páll Freysteinnsson fyrir hönd atvinnulífsins. Þóroddur Helgason fræðslustjóri og Jóhann Tryggvason ípróttu- og æskulýðsfulltrúi voru starfsmenn verkefnisstjórnarinnar. Hrönn Pétursdóttir, MBA, var ráðin sem ráðgjafi og stjórnandi verkefnisins. Stærri hópur þátttakenda (sjá kafla 3) var síðan fenginn til að koma að stefnumótunarvinnunni sjálfri.

Í erindisbréfi verkefnisstjórnar er tekið fram að fræðslu- og frístundastefna Fjarðabyggðar skuli stuðli að kjöraðstæðum til búsetu í sveitarfélaginu. Verkefnið snúist um:

- Að móta stefnu í fræðslu- og frístundamálum í Fjarðabyggð til fimm ára og aðgerðaáætlun til þriggja ára. Ferlið verði hugsað frá hlutverki til aðgerða og með mælikvarða og viðmið þar sem þess er kostur.
- Að fræðsluhluti stefnumótunarinnar nái til þeirra formlegu skólastofnana sem sveitarfélagið ber ábyrgð á rekstrarlega, þ.e. leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla (upp að 20 ára aldri) og vinnuskóla. Frístundahlutinn taki til 0-20 ára aldurs.
- Að vinna að sameiginlegum skilningi, samstöðu og einhug í vinnuferlinu. Leitað skal sem flestra sjónarmiða og sjónarhorna á mótunartímanum til að auðvelda framkvæmd í framhaldinu.

- Að meginvinnan snúist um áherslur og forgangsröðun. Einstökum ágreiningsmálum má beina til úrvinnslu og lausnar innan aðgerðaráætlunar.
- Að horfa til sveitarfélagsins sem eins skólasamfélags þar sem hagsmunir barna og ungmenna eru í öndvegi.
- Að horfa til og nýta sérstöðu fræðslu- og frístundastofnana og áhugafélaga í sveitarfélaginu jafnframt því sem skoðaðir eru allir möguleikar á samvinnu og hugsanlegum samrekstri milli stofnana og félaga.
- Að vinna tillögu að aðgerðaráætlun til þriggja ára þar sem ákvarðanir og framkvæmdir eru tímasettar og kostnaðarreiknaðar.

Undirbúningur hófst með fundi verkefnisstjórnar þann 1. október 2008 og vinnunni lauk 1. apríl 2009. Niðurstaðan var sameiginleg sýn þátttakenda á hlutverk, framtíðarsýn og stefnu, ásamt því sem markmið og aðgerðir voru kortlögð. Efnið er sett fram í stefnukorti og skorkorti, í anda aðferðafræði stefnumiðaðs árangursmats (e. Balanced Scorecard).

Með tilliti til ríkjandi efnahagsástands í þjóðfélaginu og þeirri óvissu sem því fylgir var ákveðið að horfa skammt fram á veg, eða einungis til þriggja til fimm ára. Engu að síður má ætla að hlutverk, framtíðarsýn, stefna og hluti markmiða eigi rétt á sér til mun lengri tíma.

Heildar hópur þátttakenda hittist á tveggja daga fundi í nóvember 2008. Þessir dagar voru notaðir til að skoða núverandi stöðu og samfélagsþróun, og í framhaldi var lagður grunnur að framtíðarsýn og stefnu í fræðslu- og frístundamálum. Þegar sá grunnur var kominn var þátttakendum skipt upp í þrjá fámennari vinnuhópa. Vinnuhóparnir hittust samtals í alls 12 skipti, í einn dag í hvert sinn, og útfærðu stefnuna frekar, ásamt því að leggja drög að markmiðum og aðgerðum sem tengjast framkvæmd stefnunnar. Þessi hópavinna átti sér stað í janúar til mars 2009. Um miðjan mars var niðurstaða vinnuhópanna lögð fyrir 2 íbúafundi og fund með ungmennaráði, til athugasemdar og umræðu. Ábendingar frá þeim fundum voru síðan settar fyrir vinnufund þann 1. apríl 2009 þegar hópurinn í heild sína hittist aftur í einn dag og yfirfór heildar sýnina, breytti og aðlagði. Í lok þess fundar lýstu þátttakendur sig sátta við niðurstöðuna.

Skýrslan sem kemur hér á eftir lýsir niðurstöðum þeirrar vinnu sem átti sér stað, þ.á.m. stefnukorti, markmiðum og aðgerðaráætlun.

3 ÞÁTTTAKENDUR

Eftirtöldum einstaklingum var boðið og þeir staðfestu þátttöku í vinnunni. Við val á þátttakendum var leitast við að hafa sem flest viðhorf og sjónarhorn, hvort sem væri frá faglegum sjónarmiðum eða búsetu.

- Árbjörn Magnússon, forstm. íþróttahúsa, Eskifirði
- Bergey Stefánsdóttir, fulltrúi ungmenna, Reyðarfirði*
- Birta Sæmundsdóttir, fulltrúi forstm. félagsmiðstöðva, Norðfirði
- Bryndís Hjálmarsdóttir, fulltrúi ungmenna, Fáskrúðsfirði*
- Daði Benediktsson, fulltrúi æskulýðsfélaga, Norðfirði
- Daníel Arason, fulltrúi starfsfólks tónlistarskóla, Eskifirði
- Díska Mjöll Ásgeirsdóttir, fulltrúi starfsfólks grunnskóla, Reyðarfirði
- Elsa Elísdóttir, fulltrúi æskulýðsfélaga, Fáskrúðsfirði
- Gillian Haworth, fulltrúi skólastjóra tónlistarskóla, Reyðarfirði
- Guðrún Ármannsdóttir, starfsfólk grunnskóla, Stöðvarfirði
- Halla Höskuldsdóttir, fulltrúi skólastjóra leikskóla, Norðfirði
- Hildigunnur Jörundsdóttir, fulltrúi foreldra, Eskifirði
- Hjörtur Steindórsson, fulltrúi nemenda grunnskóla, Reyðarfirði
- Hólmgrímur E. Bragason, fulltrúi kirkjunnar, Reyðarfirði
- Jóhann Tryggvason, íþrotta- og æskulýðsfulltrúi, Norðfirði
- Jóhanna Guðný Halldórsdóttir, fulltrúi foreldra, Stöðvarfirði
- Jón Björgólfsson, fulltrúi ungmenna, Stöðvarfirði
- Kári Þormar, Menningarmiðstöðin, Norðfirði
- Margrét Sigfúsdóttir, fulltrúi foreldra, Mjóafirði*
- María Óskarsdóttir, fulltrúi annarra áhugafélaga, Fáskrúðsfirði
- Marías Kristjánsson, fulltrúi skólastjóra grunnskóla, Norðfirði
- Páll Freysteinnsson, fulltrúi atvinnulífs, Norðfirði*
- Sigríður Herdís Pálsdóttir, móttökufulltrúi, Eskifirði
- Sigurbjörn Marinósson, Skólaskrifstofa Austurlands, Reyðarfirði
- Stefán Már Guðmundsson, fulltrúi íþróttafélaga, Reyðarfirði
- Steinn Jónsson, fulltrúi íþróttafélaga, Fáskrúðsfirði
- Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir, fulltrúi Verkmenntaskóla Austurlands, Norðfirði
- Þórunn L. Snorradóttir, Menn. íþr. og ferðam.nefnd, Stöðvarfirði
- Þóroddur Helgason, fræðslustjóri, Reyðarfirði

Þeir einstaklingar sem merktir eru með * sáu sér því miður ekki fært að sækja neinn vinnufund.

Aðgerðirnar draga síðan fram hvað þarf að gera til að ná árangri, og aðföngin sýna hvað þarf til að geta unnið aðgerðirnar.

Hafa þarf í huga að stefnumótun og allt sem á bak við slíkt stendur, er lifandi ferli. Þegar niðurstöður mælinga liggja fyrir þarf því að endurskoða framtíðarsýn, stefnu, markmið, mælikvarða eða viðmið því í ljós getur komið að eitthvað hefur verið hugsað rangt – eða umhverfið þróast með öðrum hætti en gert hafði verið ráð fyrir í stefnumótunarvinnunni. Með sama hætti þarf að fara yfir þær aðgerðir sem unnið hefur verið að eða eru fyrirsjáanlegar, og taka ákvörðun hvort þurfi að breyta, hætta við eða bæta einhverju við.

5 HLOTVERK, FRAMTÍÐARSÝN OG STEFNA

HLUTVERK

Vinnuhópurinn orðaði hlutverk Fjarðabyggðar í fræðslu- og frístundamálum með eftirfarandi hætti:

Hlutverk Fjarðabyggðar er að vera í fremstu röð í fræðslu- og frístundamálum barna og ungmenna. Þessu hlutverki er náð með að:

- *veita metnaðarfulla og framsækna grunnmenntun í skólum og félagsmiðstöðum*
- *styðja við fjölbreytt frístundastarf í sveitarfélaginu*
- *stuðla að og viðhalda árangursríku samstarfi við hagsmunaaðila*
- *laða að og halda í hæft og drífandi starfsfólk.*

FRAMTÍÐARSÝN

Hópurinn mótaði framtíðarsýnina síðan sem:

Fjarðabyggð, góður staður fyrir börn og ungmenni að njóta fræðslu og frístunda.

STEFNA

Stefna Fjarðabyggðar í fræðslu- og frístundamálum var sett fram í svokölluðu stefnukorti, sem sjá má hér á eftir.

Hlutverk og framtíðarsýn eru sýnd þar efst. Stefnan sjálf er þar fyrir neðan, og er hún flokkuð í fjórar víddir - þjónustu, innri ferli, lærdóm og þróun, og fjármál. Undir þjónustu eru þeir þættir sem þarf að leggja áherslu á til að veita börnum, ungmennum og fjölskyldum þeirra góða þjónustu. Undir innri ferlum eru síðan þeir þættir í innra starfi eða verklagi sveitarfélagsins sem þurfa að vera í lagi til að hægt sé að veita þjónustuhópum þá þjónustu sem þeir þurfa. Undir lærdómi og þróun eru svo þau atriði sem þurfa að vera í sífelldri þróun til að hægt sé að hafa innri ferlin skýr og skilvirk hverju sinni. Að lokum er undir fjármálavíddinni tilgreindir þeir fjármálaþættir sem þarf að vinna í til að af hinu öllu geti orðið.


Hvert stefnuþáttur er settur fram í eigin „kassa“. Kortið er síðan lesið ofan frá - til að hægt sé að veita góða þjónustu þurfa innri ferlar að vera í lagi og til að innri ferlar séu í lagi þarf að vera stöðugur lærdómur og þróun, o.s.frv. Örvagnar á milli kassanna lýsa orsaka og afleiðingasamhengi. Ef mæling sýnir þannig að ekki er að nást góður árangur í t.d. virku samstarf, þá er líkleg afleiðing að ekki sé ljóst hver ber ábyrgð á hverju og því erfitt að vera með nám við hæfi hvers og eins eða aðgengi að fjölbreyttu frístundastarfi, o.s.frv.

Barnabærinn Fjarðabyggð - fræðslu- og frístundastefna

Hlutverk Fjarðabyggðar er að vera í fremstu röð í fræðslu- og frístundamálum barna og ungmenna. Þessu hlutverki er náð með að:

- veita metnaðarfulla og framsækna grunnmenntun í skólum og félagsmiðstöðum
- styðja við fjölbreytt frístundastarf í sveitarfélaginu
- stuðla að og viðhalda árangursríku samstarfi við hagsmunaaðila
- laða að og halda í hæft og drífandi starfsfólk.

Framtíðarsýn: Fjarðabyggð, góður staður fyrir börn og ungmenni að njóta fræðslu og fríunda



6 MARKMIÐ, MÆLIKVARÐAR OG VIÐMIÐ

Í framhaldi af gerð stefnukortsins sem kynnt var í kaflanum hér á undan voru markmið ákveðin fyrir hvern stefnubátt. Með því var verkefnum næstu ára forgangsraðað.

Mælikvarðar og viðmið eru ekki sett fram í þessu skjali, þar sem verkefnisstjórn tók þá ákvörðun að fá stefnu- og aðgerðaráætlun samþykkt áður en mælikvarðar og viðmið yrðu skilgreindir. Sú vinna er því eftir. Þegar þar að kemur er líklegt að grunnstaða flestra mælinga sé ekki ljós og því þurfi fyrst að ákveða mælikvarða, síðan að mæla og að því loknu að ákveða ásættanleg viðmið.

Með sama hætti þarf að endurskoða markmið þegar skilgreindum árangri hefur verið náð, eða ef í ljós kemur að markmiðin eru ekki rétt eða þau mikilvægustu. Sama á við um mælikvarðana og mælikvarðasettið, með mælingum getur komið í ljós að mælikvarði hvetur til rangrar hegðunar, erfiðara er að mæla en talið var, hann gefur ekki þær upplýsingar sem til var ætlast eða er ekki notaður og því enginn tilgangur að halda mælingu áfram. Niðurstöður mælinganna gefa jafnframt til kynna hvort endurskoða þurfi aðgerðaráætlunina, bæta í á einum stað ef árangur er ekki að nást, eða hætta við ákveðnar aðgerðir ef markmiðum er náð fyrr en gert var ráð fyrir.

Svokallað skorkort hér á eftir setur niðurstöðu vinnuhópsins fram hvað varðar markmiðin, og er það lesið frá vinstri til hægri. Þegar mælikvarðar og viðmið verða ákvörðuð þá er slíkt sett í dálka hægra megin við markmiðin.

Vídd	Stefnubáttur	Markmið
Þjónusta	Börn og ungmenni njóti fræðslu og frístunda sem stuðla að alhliða þroska, vellíðan og samfélagslegri ábyrgð	Efla félagsfærni barna og ungmenna
		Börn og ungt fólk sé meðvitað um og njóti heilsusamlegs lífennis
	Nám við hæfi hvers og eins	Nemendur á öllum aldri hafi úr fjölbreyttum viðfangsefnum að velja
		Auka vægi list- og verknáms til jafns við bóknám
	Aðgengi að fjölbreyttu frístundastarfi	Í boði verði frístunda- og samfélagstengd starfsþjálfun fyrir 16-20 ára sem ekki eru í framhaldsskóla eða vinnu
		Frístundaþátttaka verði hluti af heilsdagsskóla
		Börn og unglingar með sérþarfir geti stundað frístundastarf
		Auka frístundaframboð fyrir 16 til 20 ára
		Auka fjölbreytni í framboði frístundastarfs
		Öll börn og ungt fólk eigi kost á að stunda tómstundir, óháð félagslegri stöðu
Innri ferli	Fjölbreyttar kennsluáferðir, námsáferðir og námsmat	Kennsluáferðir og námsmat verði við hæfi hvers og eins

		Nemendur þekki og noti ólíkar námsaðferðir
	Virkt samstarf þjónustu- og hagsmunaaðila	Tekið verði á móti nýnemum á skilvirkan hátt
		Aðilar í frístundastarfi samhæfi starfsemi sína
		Skólar virki foreldra til þátttöku í skólastarfi
		Þekking samfélagsins sé nýtt skólunum í hag
		Skólarnir nýti þekkingu sína, aðstöðu og drifkraft samfélaginu í hag
	Sérfræðiþjónusta og stuðningur við börn/ungmenni, foreldra og starfsmenn	Allir skólar Fjarðabyggðar hafi aðgang að viðeigandi sérfræðiþjónustu
		Efla og skýra samvinnu allra ábyrgðaraðila
		Nauðsynleg úrræði veitt í kjölfar greininga
Lærdómur og þróun	Hæft og ánægt starfsfólk	Framboð og þátttaka í stöðugri endurmenntun
		Auka hlutfall menntaðs starfsfólks í fræðslu- og frístundastörfum
		Kjör starfsmanna séu í takt við þróun í samfélaginu, til að störf í fræðslu- og frístundaþjónustu séu eftirsóknarverð
		Starfsfólk taki virkan þátt í umbóta- og breytingastarfi sem tengist eigin vinnustað
		Einstakir starfsmenn og stjórnendur veiti og fái reglulega endurgjöf á frammistöðu
	Góð og aðlaðandi aðstaða til menntunar og frístunda	Hámarksnýting verði á þeirri aðstöðu sem fyrir er
		Aðstaða sem fyrir er verði bætt með viðhaldi og öðrum úrbótum
	Fræðslu- og frístundastofnanir eru lærdómssamfélag sem þróa eigin leiðir í takt við umhverfi og samfélag	Skólar móti sér stefnu og skólanámskrá, út frá stefnu Fjarðabyggðar, eigin styrkleikum og sérstöðu
		Frístundastofnanir sveitarfélagsins setji sér stefnu og skýrar starfsáætlanir
Stöðugt sjálfsmat og þróunarvinna		
Fjármál	Útvíkka tekjugrundvöll	Sækja auknar tekjur til ríkisins
		Nýta stuðning innan samfélagsins og styrki ýmissa sjóða og félagasamtaka á lands- og heimsvísu til eflingar starfinu
	Skýrar og opnar forsendur fyrir úthlutun fjármagns	Skólar og félagasamtök hafi jafnan rétt til fjármagns á vegum Fjarðabyggðar, til að styrkja og stuðla að fjölbreyttu starfi
	Skilvirk nýting fjármuna	Styðja við það sem vel er gert með betri nýtingu mannauðs, húsnæðis og annars sem til er, auk þess að hagræða með samstarfi stofnana
		Efla kostnaðarvitund
Samræma verðskrár milli stofnana		

7 AÐGERÐARÁÆTLUN

Þegar búið var að skilgreina þau markmið sem ætlunin er að vinna að á næstu árum, var nauðsynlegt að skilgreina hvað þyrfti að gera til að ná þessum markmiðum. Því var gerð aðgerðaráætlun til þriggja ára, þar sem aðgerðir og / eða verkefni eru talin upp og síðan fyrir hvert þeirra hver ber ábyrgð, hver kemur að vinnunni og fyrir hvaða tíma henni á að vera lokið.

Í einstaka tilfellum er talað um eina tiltekna stofnun eða sértækan stofnanahóp í aðgerðaráætluninni. Í flestum tilfellum er talað almennar, t.d. á orðið „skóli“ við um leik-, grunn- og tónlistarskóla, „frístundastofnanir“ bæði íþróttamannvirki og félagsmiðstöðvar, o.s.frv.

Vidd	Stefnup.	Markmið	2009				2010				2011			
			Aðgerð/verkefni	Ábyrgð	Unnið af	Lokið fyrir	Aðgerð/verkefni	Ábyrgð	Unnið af	Lokið fyrir	Aðgerð/verkefni	Ábyrgð	Unnið af	Lokið fyrir
Þjónusta (við börn/ungmenn og foreldra)	Börn og ungmenni njóti fræðslu og frístunda sem stuðli að ahlíða þroska, vellíðan og samfélagslegri ábyrgð	Efla félagsfærni barna og ungmenna	Nemendur æfi tjáningu og rökræðu á bekkjarfundum í grunnskóla og hópstarfi í leikskóla	Skólastjórar	Kennarar	Stöðugt	Nemendur æfi tjáningu og rökræðu á bekkjarfundum í grunnskóla og hópstarfi í leikskóla	Skólastjórar	Kennarar	Stöðugt	Nemendur æfi tjáningu og rökræðu á bekkjarfundum í grunnskóla og hópstarfi í leikskóla	Skólastjórar	Kennarar	Stöðugt
			Flokkstjórar vinnuskóla fundi með nemendum um verkefni dagsins, í upphafi og lok dags (10-15 mín)	Skólastjóri vinnuskóla	Flokksstjórar	Stöðugt	Flokkstjórar vinnuskóla fundi með nemendum um verkefni dagsins, í upphafi og lok dags (10-15 mín)	Skólastjóri vinnuskóla	Flokksstjórar	Stöðugt	Flokkstjórar vinnuskóla fundi með nemendum um verkefni dagsins, í upphafi og lok dags (10-15 mín)	Skólastjóri vinnuskóla	Flokksstjórar	Stöðugt
			Flokkstjórar Vinnuskóla ljúki námskeiði í flokksstjórn	Skólastjóri vinnuskóla	Skólastjóri vinnuskóla	Mai 2009	Flokkstjórar Vinnuskóla ljúki námskeiði í flokksstjórn	Skólastjóri vinnuskóla	Skólastjóri vinnuskóla	Mai 2010	Flokkstjórar Vinnuskóla ljúki námskeiði í flokksstjórn	Skólastjóri vinnuskóla	Skólastjóri vinnuskóla	Mai 2011
			Skólar og félagsmiðstöðvar skipuleggi mannréttindafræðslu	Skólastjórar / forstöðumenn félagsmiðstöðva	Starfsmenn skóla og félagsmiðstöðva	Des 2009	Skólar og félagsmiðstöðvar sinni mannréttindafræðslu	Skólastjórar / forstöðumenn félagsmiðstöðva	Starfsmenn skóla og félagsmiðstöðva	Des 2010	Skólar og félagsmiðstöðvar sinni mannréttindafræðslu	Skólastjórar / forstöðumenn félagsmiðstöðva	Starfsmenn skóla og félagsmiðstöðva	Des 2011

			Skólar bjóði upp á samfélagsverkefni fyrir nemendur í 8. - 10. bekk	Skólastjórar grunnskóla	Náms- og starfsráðgjafar	Stöðugt		Skólar bjóði upp á samfélagsverkefni fyrir nemendur í 8. - 10. bekk	Skólastjórar grunnskóla	Náms- og starfsráðgjafar	Stöðugt		Skólar bjóði upp á samfélagsverkefni fyrir nemendur í 8. - 10. bekk	Skólastjórar grunnskóla	Náms- og starfsráðgjafar	Stöðugt	
			Nemendur vinni með kennurum sínum að námsáætlunum	Skólastjórar leik- og grunnskóla	Kennarar	Stöðugt		Nemendur vinni með kennurum sínum að námsáætlunum	Skólastjórar leik- og grunnskóla	Kennarar	Stöðugt		Nemendur vinni með kennurum sínum að námsáætlunum	Skólastjórar leik- og grunnskóla	Kennarar	Stöðugt	
			Allir skólar leitist við að láta nemendur kynna afrakstur eða niðurstöður náms eða vinnu, t.d. í formi sögu, leikrits, myndlistarsýningar, tónfundar, söngs, vígslu göngustígs, í fjölmiðlum...	Skólastjórar	Kennarar	Stöðugt		Allir skólar leitist við að láta nemendur kynna afrakstur eða niðurstöður náms eða vinnu, t.d. í formi sögu, leikrits, myndlistarsýningar, tónfundar, söngs, vígslu göngustígs, í fjölmiðlum...	Skólastjórar	Kennarar	Stöðugt		Allir skólar leitist við að láta nemendur kynna afrakstur eða niðurstöður náms eða vinnu, t.d. í formi sögu, leikrits, myndlistarsýningar, tónfundar, söngs, vígslu göngustígs, í fjölmiðlum...	Skólastjórar	Kennarar	Stöðugt	
			Grunnskólar bjóði nemendum upp á þátttöku í félagsmálaskóla / námskeiði	Fræðslustjóri	ÚIA, félagasamtök, skólastjórar	1x á ári		Grunnskólar bjóði nemendum upp á þátttöku í félagsmálaskóla / námskeiði	Fræðslustjóri	ÚIA, félagasamtök, skólastjórar	1x á ári		Grunnskólar bjóði nemendum upp á þátttöku í félagsmálaskóla / námskeiði	Fræðslustjóri	ÚIA, félagasamtök, skólastjórar	1x á ári	
			Kynna foreldrum hugmyndafræði vinnuhópa sem mögulega leið til að styrkja einstaklinga og bekkjaranda	Formenn foreldrafélaga	Umsjónar-kennarar kynna og foreldrar framkvæma	Sept 2009		Kynna foreldrum hugmyndafræði vinnuhópa sem mögulega leið til að styrkja einstaklinga og bekkjaranda	Formenn foreldrafélaga	Umsjónar-kennarar kynna og foreldrar framkvæma	Sept 2010		Kynna foreldrum hugmyndafræði vinnuhópa sem mögulega leið til að styrkja einstaklinga og bekkjaranda	Formenn foreldrafélaga	Umsjónar-kennarar kynna og foreldrar framkvæma	Sept 2011	

			Skípa starfshóp leik-, grunn- og tónlistarskólakennara sem kynni sér mismunandi uppeldisstefnur og leggi fram tillögu um samræmda uppeldisstefnu í Fjþ	Fræðslustjóri	Starfshópur kennara úr leik-, grunn- og tónlistarskólum	Des 2009	Ráða verkefnisstjóra fyrir hönnun og innleiðingu á samræmdri uppeldisstefnu	Fræðslustjóri	Fræðslustjóri og skólastjórnendur	Sumar 2010				
			Sækja í Sprotasjóð um þróunarverkefni um samræmda uppeldisstefnu	Fræðslustjóri	Fræðslustjóri, skóla-skrifstofa	Vor 2009	Innleiðing á samræmdri uppeldisstefnu	Verkefnisstjóri	Starfslíð skóla	Mai 2010				
			Fræðsla fyrir starfsfólk og foreldra í samræmdri uppeldisaðferð	Fræðslustjóri	skólastjórnendur	Haut 2009	Fræðsla fyrir starfsfólk og foreldra í samræmdri uppeldisaðferð	Fræðslustjóri	Verkefnisstjóri	Haut 2010	Fræðsla fyrir starfsfólk og foreldra í samræmdri uppeldisaðferð	Fræðslustjóri	Verkefnisstjóri	Mai 2011
			Hanna Fjþ orðuna / merkið fyrir ungt fólk, þar sem grunnur er námskeiðs- og verkefnasería sem er blanda í fræðslu og þjálfun í færni daglegs lífs	Tómstundastjóri	Starfshópur samansettur af: forstöðumönnum félagsmiðstöðva, félagsamtökum, skólum, atvinnurekendum	Des 2009	Framkvæma verkefnið	Skv. hugmyndafræði	Skv. hugmyndafræði	Stöðugt	Framkvæma verkefnið	Skv. hugmyndafræði	Skv. hugmyndafræði	Stöðugt
			Skólar tengi námsefni daglegu lífi	Skólastjórar	Starfsmenn skóla	Stöðugt	Skólar tengi námsefni daglegu lífi	Skólastjórar	Starfsmenn skóla	Stöðugt	Skólar tengi námsefni daglegu lífi	Skólastjórar	Starfsmenn skóla	Stöðugt
			Virkja nemendafélögin til ábyrgðar fyrir líðan og réttindum nemenda	Skólastjórar	Nemendafélög, umsjónaraðilar nemendafélaga	Stöðugt	Virkja nemendafélögin til ábyrgðar fyrir líðan og réttindum nemenda	Skólastjórar	Nemendafélög, umsjónaraðilar nemendafélaga	Stöðugt	Virkja nemendafélögin til ábyrgðar fyrir líðan og réttindum nemenda	Skólastjórar	Nemendafélög, umsjónaraðilar nemendafélaga	Stöðugt
			Samræma grunn í lögum nemendaráða innan Fjþ	Skólastjórar	Nemendafélög	Des 2009								

			Skólar setji upp verklag þar sem nemendur geta komið hugmyndum sínum um bætt skólastarf á framfæri	Fræðslustjóri	Skólastjórar, nemendafélög	Stöðugt		Skólar setji upp verklag þar sem nemendur geta komið hugmyndum sínum um bætt skólastarf á framfæri	Fræðslustjóri	Skólastjórar, nemendafélög	Stöðugt		Skólar setji upp verklag þar sem nemendur geta komið hugmyndum sínum um bætt skólastarf á framfæri	Fræðslustjóri	Skólastjórar, nemendafélög	Stöðugt	
Börn og ungt fólk sé meðvitað um og njóti heilsusamlegs lífnis		Skólar bjóði upp á skólamat sem standist markmið lýðheilsustofnunar	Skólastjórar/ fræðslustjóri	Matráðar/ verksalar	Stöðugt		Skólar bjóði upp á skólamat sem standist markmið lýðheilsustofnunar	Skólastjórar/ fræðslustjóri	Matráðar/ verksalar	Stöðugt		Skólar bjóði upp á skólamat sem standist markmið lýðheilsustofnunar	Skólastjórar/ fræðslustjóri	Matráðar/ verksalar	Stöðugt		
		Víðeigandi starfsfólk skóla fái fræðslu um skammtastærðir og næringarfræði	Skólastjórar	Skóla- hjúkrunar- fræðingar, lýðheilsu- stofnun	Des 2009		Víðeigandi starfsfólk skóla fái fræðslu um skammtastærðir og næringarfræði	Skólastjórar	Skóla- hjúkrunar- fræðingar, lýðheilsu- stofnun	Des 2011							
		Skólar bjóði nemendum upp á skipulagða útileiki á skólalóð	Skólastjórar	Starfsfólk skóla	Stöðugt		Skólar bjóði nemendum upp á skipulagða útileiki á skólalóð	Skólastjórar	Starfsfólk skóla	Stöðugt							
		Fræða nemendur og foreldra þeirra um heilsusamlegt lífni, t.d. mataræði, svefnvenjur, hreyfingu, líkamsvitund, kynlíf og jákvætt hugarfar	Fræðslustjóri	Foreldrafélög	1x á ári		Fræða nemendur og foreldra þeirra um heilsusamlegt lífni, t.d. mataræði, svefnvenjur, hreyfingu, líkamsvitund, kynlíf og jákvætt hugarfar	Fræðslustjóri	Foreldrafélög	1x á ári		Fræða nemendur og foreldra þeirra um heilsusamlegt lífni, t.d. mataræði, svefnvenjur, hreyfingu, líkamsvitund, kynlíf og jákvætt hugarfar	Fræðslustjóri	Foreldrafélög	1x á ári		
		Fræða eldri nemendur og foreldra þeirra um unglingsárin og hættur þeim samfara	Fræðslustjóri	Foreldrafélög	1x á ári		Fræða eldri nemendur og foreldra þeirra um unglingsárin og hættur þeim samfara	Fræðslustjóri	Foreldrafélög	1x á ári		Fræða eldri nemendur og foreldra þeirra um unglingsárin og hættur þeim samfara	Fræðslustjóri	Foreldrafélög	1x á ári		
		Samráðsfundur skóla, heilsugæslu, lögreglu, presta og félagsmálayfirvalda	Fræðslustjóri	Skólastjórar	Sep 2009		Samráðsfundur skóla, heilsugæslu, lögreglu, presta og félagsmálayfirvalda	Fræðslustjóri	Skólastjórar	Sep 2010		Samráðsfundur skóla, heilsugæslu, lögreglu, presta og félagsmálayfirvalda	Fræðslustjóri	Skólastjórar	Sep 2011		
		Vinna eftir Olweusaráætlun gegn einelti	Skólastjórar	Starfsfólk skóla	Stöðugt		Vinna eftir Olweusaráætlun gegn einelti	Skólastjórar	Starfsfólk skóla	Stöðugt		Vinna eftir Olweusaráætlun gegn einelti	Skólastjórar	Starfsfólk skóla	Stöðugt		

			Hver skóli geri áætlun um markvissa hreyfingu nemenda í gegnum útvist sem tekur tillit til sérstöðu hvers staðar	Skólastjórar	Starfsfólk skóla	1x á ári		Hver skóli geri áætlun um markvissa hreyfingu nemenda í gegnum útvist sem tekur tillit til sérstöðu hvers staðar	Skólastjórar	Starfsfólk skóla	1x á ári		Hver skóli geri áætlun um markvissa hreyfingu nemenda í gegnum útvist sem tekur tillit til sérstöðu hvers staðar	Skólastjórar	Starfsfólk skóla	1x á ári		
Nám við hæfi hvers og eins	Nemendur á öllum aldri hafi úr fjölbreyttum viðfangs-efnum að velja		Skoða möguleika þess að nýta tækni til samkennslu milli skóla	Fræðslustjóri	Starfshópur starfsmanna skóla	Des 2009		Skv. niðurstöðum skoðunar					Skv. niðurstöðum skoðunar					
			Skilgreina og ákveða valgreinar í boði til nemenda annarra skóla	Fræðslustjóri	Skólastjórar	Sep 2009												
			Valkostir í valgreinanámi kynntir fyrir nemendum og foreldrum þeirra	Skólastjórar	Umsjónar-kennarar	Apr 2009		Valkostir í valgreinanámi kynntir fyrir nemendum og foreldrum þeirra	Skólastjórar	Kennarar	Stöðugt			Valkostir í valgreinanámi kynntir fyrir nemendum og foreldrum þeirra	Skólastjórar	Kennarar	Jún 2011	
								Meta framkvæmd og þátttöku nemenda í valgreinum annarra skóla	Fræðslustjóri	Skólastjórar	Jún 2010							
			Nemendur í 8. - 10. bekk læri á safnið eða sófnin í sínu hverfi	Forstöðu- maður Safnastofnunar/fræðslu stjóri	Kennarar í 8. til 10. bekk	Haust 2009		Nemendur í 8. - 10. bekk verði sérfræðingar og geti tekið á móti gestum úr öðrum skólum	Forstöðu- maður Safnastofnunar/fræðslu stjóri	Kennarar í 8. - 10. bekk	Vor 2010			Nemendur í 8. - 10. bekk verði sérfræðingar og geti tekið á móti gestum úr öðrum skólum	Forstöðu- maður Safnastofnunar/fræðslu stjóri	Kennarar í 8. - 10. bekk	Stöðugt	
			Skólar í Fjarðabyggð setji upp verkefni til að auka samstarf og samvinnu nemenda - hjómsveitir, kórar, íþróttamót, bekkjarheim-sóknir o.fl.	Fræðslustjóri	Skólar, forráðamenn og kennarar	Sept 2009		Skólar í Fjarðabyggð setji upp verkefni til að auka samstarf og samvinnu nemenda - hjómsveitir, kórar, íþróttamót, bekkjarheimsóknir o.fl.	Fræðslustjóri	Skólar, forráðamenn og kennarar	Sept 2010			Skólar í Fjarðabyggð setji upp verkefni til að auka samstarf og samvinnu nemenda - hjómsveitir, kórar, íþróttamót, bekkjarheimsóknir o.fl.	Fræðslustjóri	Skólar, forráðamenn og kennarar	Sept 2011	

	Auka vægi list- og verknáms til jafns við bóknám	Skipa starfshóp leik-, grunn- og tónlistarskólakennara sem kynni sér hvernig staðið er að list- og verknámi í skólum Fjarðabyggðar	Fræðslustjóri	Skólastjórar	Des 2009	Starfshópurinn setji fram tillögur að breytingum	Fræðslustjóri	Starfshópur	maí 2010	Breytingartillögur settar í framkvæmd	Skólastjórar	Kennarar	maí 2011
Aðgengi að fjölbreyttu frístundastarfi	Í boði verði frístunda- og samfélags- tengd starfsþjálfun fyrir 16-20 ára sem ekki eru í framhaldsskóla eða vinnu	Þróa vinnuskólann, í samstarfi við Vinnumálastofnun, þannig að hann starfi fyrir þennan hóp á veturna - tækifæri til þátttöku í samfélags- verkefnum, félagsstarfi, prófa ólíka starfsvettvangi, sérsniðin námskeið...í samstarfi við félagsamtök og atvinnulíf	Tómstundastjóri	Starfshópur: skólaskrifstofa (náms- og starfsráðgjafar, sálfræðingar), félagsamtök o.s.frv.	Des 2009	Vinnuskóli skipuleggi starf fyrir þennan hóp á veturna, í samstarfi við Vinnumálastofnun - tækifæri til þátttöku í samfélags- verkefnum, félagsstarfi, prófa ólíka starfsvettvangi, sérsniðin námskeið...í samstarfi við félagsamtök og atvinnulíf	Tómstundastjóri	Starfsmenn umhverfissviðs og aðrir skv. áætlun	Stöðugt	Vinnuskóli skipuleggi starf fyrir þennan hóp á veturna, í samstarfi við Vinnumálastofnun - tækifæri til þátttöku í samfélags- verkefnum, félagsstarfi, prófa ólíka starfsvettvangi, sérsniðin námskeið...í samstarfi við félagsamtök og atvinnulíf	Tómstundastjóri	Starfsmenn umhverfissviðs og aðrir skv. áætlun	Stöðugt
Frístundabátt taka verði hluti af heilsdagsskóla	Undirbúa að skipulagt frístundastarfi grunnskólakennara eigi sér stað á tíma skólasels eins og hægt er	Fræðslustjóri	Forstöðumenn skólasela, félagsamtök, tónlistarkennarar o.s.frv.	Des 2009	Skipulagt frístundastarfi grunnskólakennara eigi sér stað á tíma skólasels eins og hægt er	Fræðslustjóri	Forstöðumenn skólasela	Stöðugt	Skipulagt frístundastarfi grunnskólakennara eigi sér stað á tíma skólasels eins og hægt er	Fræðslustjóri	Forstöðumenn skólasela	Stöðugt	
Börn og unglingar með sérþarfir geti stundað frístundastarfi	Þjóa upp á námskeið fyrir starfsfólk félagsmiðstöðva og félagsamtaka í að umgangast fötluð börn / börn með greiningar	Æskulýðs- og íþróttafulltrúi	Skólaskrifstofa, sérkennarar	Ágú 2009					Þjóa upp á námskeið fyrir starfsfólk félagsmiðstöðva og félagsamtaka í að umgangast fötluð börn / börn með greiningar	Æskulýðs- og íþróttafulltrúi	Skólaskrifstofa, sérkennarar	Ágú 2011	

			Yfirfara viðeigandi húsnæði Fjarðabyggðar út frá aðgengisþörfum fatlaðra	Mannvirkja- stjóri	Eftirlitsmaður fasteigna	Des 2009		Gera nauðsynlegar úrbætur	Skv. áætlun	Skv. áætlun	Skv.áætlun					
			Félagsþjónusta Fjb og svæðisskrifstofa um málefni fatlaðra á Austurlandi kynni fyrir frjálsum félagasamtökum og félagsmiðstöðvum hvaða þjónusta er í boði vegna barna með fötlun /greiningar	Tómstunda- stjóri	Félagsmála- stjóri	1x á ári		Félagsþjónusta Fjb og svæðisskrifstofa um málefni fatlaðra á Austurlandi kynni fyrir frjálsum félagasamtökum og félagsmiðstöðvum hvaða þjónusta er í boði vegna barna með fötlun /greiningar	Tómstunda- stjóri	Félagsmála- stjóri	1x á ári		Félagsþjónusta Fjb og svæðisskrifstofa um málefni fatlaðra á Austurlandi kynni fyrir frjálsum félagasamtökum og félagsmiðstöðvum hvaða þjónusta er í boði vegna barna með fötlun /greiningar	Tómstunda- stjóri	Félagsmála- stjóri	1x á ári
		Auka frístunda- framboð fyrir 16 til 20 ára	Skipulögð opnun ákveðinna íþrótta- og frístundamannvirkja Fjb, á vissum tímum, fyrir 16 til 20 ára	Æskulýðs- og íþróttafulltrúi	Ungmennaráð	Stöðugt		Skipulögð opnun ákveðinna íþrótta- og frístundamannvirkja Fjb, á vissum tímum, fyrir 16 til 20 ára	Æskulýðs- og íþróttafulltrúi	Ungmennaráð	Stöðugt		Skipulögð opnun ákveðinna íþrótta- og frístundamannvirkja Fjb, á vissum tímum, fyrir 16 til 20 ára	Æskulýðs- og íþróttafulltrúi	Ungmennaráð	Stöðugt
			Til sé áætlun um viðbrögð sem nota má þar sem þörf er á til að vinna á móti sálrænum erfiðleikum ungs fólks	Félagsmála- stjóri	Félagsráðgjafi og samráðs- hópur forvarna- aðila sem þegar er til	Sept 2009		Skv. áætlun					Skv. áætlun			
			Vera með fræðslu fyrir efstu bekki grunnskóla og framhaldsskólaaldur um andlega líðan (sjálfsvíg, einkenni og viðbrögð)	Félagsmála- stjóri	Samráðs- hópur forvarna- aðila sem þegar er til	Apr 2009										

			Hvetja frjáls félagasamtök til að bjóða 16- 20 ára upp á viðfangsefni sem ekki eru tengd keppni eða öðru árangurstengdu félagsstarfi	Tómstunda- stjórnari	Æskulýðs- og íþróttafulltrúi	Stöðugt		Hvetja frjáls félagasamtök til að bjóða 16- 20 ára upp á viðfangsefni sem ekki eru tengd keppni eða öðru árangurstengdu félagsstarfi	Tómstunda- stjórnari	Æskulýðs- og íþróttafulltrúi	Stöðugt		Hvetja frjáls félagasamtök til að bjóða 16- 20 ára upp á viðfangsefni sem ekki eru tengd keppni eða öðru árangurstengdu félagsstarfi	Tómstunda- stjórnari	Æskulýðs- og íþróttafulltrúi	Stöðugt
								Fara í vettvangskönnun til Sauðárkróks og skoða hvernig hafi gengið með Hús frítímans - í framhaldi gera tillögu ef viðeigandi	Tómstunda- stjórnari	Félags- þjónusta, æskulýðs-og íþróttafulltrúi	Des 2009		Skv. tillögu	Skv. tillögu	Skv. tillögu	Skv. tillögu
			Skiðamiðstöð Oddsskarði skoði leiðir til að bjóða upp á aðstöðu til að geyma búnað í einkaeign	Tómstunda- stjórnari	Forstöðu- maður Oddsskarðs	Des 2009										
			Gera tillögu að því að skapa útiaðstöðu sem ekki er kostnaðarsöm í framkvæmd, t.d. körfur, hjólarampa, skiðabrettabraut o.fl.	Tómstunda- stjórnari	Mannvirkja- stjórnari	Des 2009	Skv. áætlun	Skv. áætlun	Skv. áætlun	Skv. áætlun	Skv. áætlun	Skv. áætlun	Skv. áætlun	Skv. áætlun	Skv. áætlun	Skv. áætlun
			Kanna þörf á aðstöðu fyrir skúrahljómsveitir og finna leiðir til að mæta þeirri þörf	Æskulýðs- og íþróttafulltrúi	Mannvirkja- stjórnari og forráðaaðilar húsnæðis	Des 2009										
Auka fjölbreytni í framboði frístunda- starfs			Efla samstarf milli félagsmiðstöðva t.d. sameiginlegir klúbbar eða samnýting starfsfólks	Æskulýðs- og íþróttafulltrúi	Forstöðu- menn félagsmið- stöðva, unglíngaráð	Stöðugt		Efla samstarf milli félagsmiðstöðva, t.d. sameiginlegir klúbbar eða samnýting starfsfólks	Æskulýðs- og íþróttafulltrúi	Forstöðu- menn félagsmið- stöðva, unglíngaráð	Stöðugt		Efla samstarf milli félagsmiðstöðva t.d. sameiginlegir klúbbar eða samnýting starfsfólks	Æskulýðs- og íþróttafulltrúi	Forstöðu- menn félagsmið- stöðva, unglíngaráð	Stöðugt

			Kanna áhuga og möguleika á að fjölga frístundatækifærum í sv.fél	Æskulýðs- og íþróttafulltrúi	Ungmennaráð	Des 2009	Fylgja eftir niðurstöðum	Skv. áætlun	Skv. áætlun	Skv. áætlun	Fylgja eftir niðurstöðum	Skv. áætlun	Skv. áætlun	Skv. áætlun
			Gera samning við íþróttafélög, félagasamtök, listafélög eða vinnuskóla um a.m.k. mánaðar leikjanámskeið að sumri	Tómstundastjóri	Æskulýðs- og íþróttafulltrúi	Mar / apr 2009	Gera samning við íþróttafélög, félagasamtök, listafélög eða vinnuskóla um a.m.k. mánaðar leikjanámskeið að sumri	Tómstundastjóri	Æskulýðs- og íþróttafulltrúi	Mar / apr 2010	Gera samning við íþróttafélög, félagasamtök, listafélög eða vinnuskóla um a.m.k. mánaðar leikjanámskeið að sumri	Tómstundastjóri	Æskulýðs- og íþróttafulltrúi	Mar / apr 2011
			Félagasamtökum og menningarstofnunum verði boðið að kynna starfsemi sína í skólum Fbj.	Fræðslustjóri	Skólastjórar	Sep 2009	Félagasamtökum og menningarstofnunum verði boðið að kynna starfsemi sína í skólum Fbj.	Fræðslustjóri	Skólastjóri	Sep 2010	Félagasamtökum og menningarstofnunum verði boðið að kynna starfsemi sína í skólum Fbj.	Fræðslustjóri	Skólastjóri	Sep 2011
			Starfshópur undirbýr frístundapæma ársins 2010 - hvetur sem flesta til þátttöku, tekur saman framboð og kynnr	Tómstundastjóri, fræðslustjóri, félagsmálustjóri	Æskulýðs- og íþróttafulltrúi í samstarfi við hagsmunaaðila	Des 2009	Þemað "Barnabærinn Fjarðabyggð - Fjölskyldan" undirliggjandi fyrir eins mikið af frístundum í sveitarfélaginu eins og hægt er, byggt á því sem fyrir er	Eftir viðburði	Eftir viðburði	Eftir viðburði				
							Ákveða þema næsta ár "Barnabærinn Fjarðabyggð - umhverfi/ lífsgæði/ náttúran/ samfélagið....."	Tómstundastjóri, fræðslustjóri, félagsmálustjóri	Ferðamála-fulltrúi	Agú 2010	Skv. þema	Skv. þema	Skv. þema	Skv. þema
		Öll börn og ungt fólk eigi kost á að stunda tómstundir, óháð félagslegri stöðu					Undirbúa niðurgreiðslu frístundastarfs	Tómstundastjóri	Æskulýðs- og íþróttafulltrúi	Des 2010	Kostnaður foreldra við frístundapátttöku upp að 18 ára aldri niðurgreidd	Tómstundastjóri	Æskulýðs- og íþróttafulltrúi	Árlega

Innri ferli	Fjölbreyttar kennsluaðferðir, námsaðferðir og námsmat	Kennsluaðferðir og námsmat verði við hæfi hvers og eins	Þróa námsmarkmið fyrir hverja námsgrein, til notkunar sem matsskala	Fræðslustjóri	Skólastjórar	Des 2009	Áframhald þróunar námsmarkmiða fyrir hverja námsgrein, til notkunar sem matsskala	Fræðslustjóri	Skólastjórar	Des 2010				
							Framkvæma námsmat skv. námsmarkmiðum	Fræðslustjóri	Kennarar	Des 2010	Endurmat og áframhald framkvæmdar námsmats skv. námsmarkmiðum	Fræðslustjóri	Kennarar	Des 2011
			Kanna hvernig aðrir skólar meta stöðu nemenda	Fræðslustjóri	Skipaður starfshópur kennara	Des 2009	Þróa stöðumat til að vita hvað hentar hverjum og einum nemanda	Fræðslustjóri	Starfshópur	Des 2010				
							Innleiða stöðumat til að vita hvað hentar hverjum og einum nemanda	Fræðslustjóri	Skólastjórar	Des 2010	Endurmat á stöðumati og breytingar eftir þörfum	Fræðslustjóri	Starfshópur	Des 2011
			Námskeið fyrir kennara um notkun ólíkra kennsluaðferða	Fræðslustjóri	Skólaskrifstofa / kennarar	Jún / ág 2009	Námskeið fyrir kennara um notkun ólíkra kennsluaðferða	Skólastjórar	Skólaskrifstofa / kennarar	Jún / ág 2010	Námskeið fyrir kennara um notkun ólíkra kennsluaðferða	Skólastjórar	Skólaskrifstofa / kennarar	Jún / ág 2011
